

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

696. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 16. maí 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf Ástu Þorsteinsdóttur.
2. Bréf Ingibjargar Helgadóttur.
3. Bréf Örnólfs Björgvinssonar.
4. Fundarboð aðalfundar Landskerfis bókasafna hf.
5. Fundarboð á ársfund FSA 2011.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Ástu Þorsteinsdóttur þar sem hún segir starfi sínu sem þroskaþjálfari við Félagsþjónustu Húnaþings vestra lausu frá 1. júní nk. með starfslokum 31. ágúst nk. Jafnframt segir Ásta upp leigu á íbúðinni að Garðavegi 18 n.h. frá og með 1. ágúst nk. Byggðarráð samþykkir uppsagnirnar. Byggðarráð þakkar Ástu fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins.
2. Bréf Ingibjargar Helgadóttur lagt fram. Í bréfinu óskar hún eftir launalausum ársleyfi frá starfi sínu sem stuðningsfulltrúi við Grunnskóla Húnaþings vestra skólaárið 2011-2012. Byggðarráð samþykkir beiðnina.
3. Bréf Örnólfs Björgvinssonar lagt fram. Í bréfinu óskar Örnólfur eftir því að gera samkomulag við Húnaþing vestra um landskipti í tengslum við mögulega veglagningu austan Efra-Núpskirkju. Byggðarráð hafnar hugmynd um möguleg landskipti en felur sveitarstjóra að leita samkomulags um land vegna umræddrar veglagningar.
4. Fram lagt fundarboð aðalfundar Landskerfis Bókasafna. Fundurinn verður haldinn þann 25. maí í Reykjavík. Byggðarráð samþykkir að senda ekki fulltrúa til fundarins.
5. Fram lagt fundarboð Ársfundar Sjúkrahússins á Akureyri. Fundurinn verður haldinn þann 26. Maí nk. á Akureyri. Byggðarráð samþykkir að senda ekki fulltrúa til fundarins. Samþykkt að taka á dagskrá:
6. Fram lögð beiðni frá stjórn Elds í Húnaþingi, Unglistahátíð 2011 um fjárframlag til ráðningar framkvæmdastjóra. Byggðarráð samþykkir að veita kr. 150.000- til Elds í Húnaþingi vegna þessa.

Fundargerðin upplésin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:45

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Leó Örn Þorleifsson

Elín R. Líndal

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.